

**Ed.****294. Breytingartillögur****[152. mál]**

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

## 1. Eftirfarandi tnr. í 1. gr. breytist svo:

	Núverandi tollur Tollskrár- tollur	Efta- tollur	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%	%	%
a. Tollur í tnr. 44.14.00 .....	18		9		9		0	
b. Tnr. 70.17.00 sundurliðist:								
70.17.01 Glerlyfjahylki .....	35		18		18		0	
70.17.09 Annað .....	35		35		35		35	
c. Tollur í tnr. 83.03.09 .....	100		80		80		80	
d. Tollur í tnr. 83.04.00 .....	100		80		80		80	
e. Nýtt tnr.:								
87.14.03 Húsvagnar .....	40		40		40		40	

## 2. Við 3. gr.

## a. 10. tl. orðist svo:

Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, sem skráð eru erlendis og flutt eru til landsins af mönnum, sem þar hafa haft fasta búsetu í a. m. k. 2 ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Gildir tollfrelsisheimild þessi í 3 mánuði frá komu ökutækisins til landsins. Heimilt er að framlengja tollfrelsisheimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollyfirvöldum fullgildar sönnur á, að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

a. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnu-fyrirtæki.

b. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.

c. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Nú uppfyllir viðkomandi ekki framangreind skilyrði til framlengingar tollfrelsis, og er þá í undantekningartilvikum heimilt að framlengja tollfrelsisheimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækisins til landsins, gegn greiðslu gjalds, sem nema skal ákveðnum hundr- aðshluta á mánuði af cif-verði viðkomandi ökutækis. Setur fjármálaráðuneytið nánari ákvæði um beitingu heimildarákvæðis þessa.

Tollfrelsisheimild þessi er að öðru leyti háð því, að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. Að hann aki ökutækinu sjálfur, maki hans eða launaðir öikumenn hans, útlendir eða innlendir.

b. Að ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutninga gegn greiðslu.

b. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.

tæki skal þó ætíð flutt utan innan árs, frá því að það var flutt hingað til lands.

d. Að hann hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um öku-tæki þessi og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja öku-tækið á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði eða hlutast til um endurútlutning þess á kostnað innflytjanda.

Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar bifreiðar og bifhjól, sem keypt eru hér á landi, og hafa hvorki verið skráð hérlendis né erlendis, enda verði ökutæki þessi skráð sérstaklega og uppfyllt verði frekari skilyrði, sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Miðast upphaf tollfrelsisheimildar þá við skráningardag ökutækisins.

- b. Við 17. tl. bætist ný setning:  
Frá 1. jan. 1976 falla niður gjöld af sömu vörum.
- c. Við 28. tl. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Þó er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af talstöðvum í skip og báta, þótt kostnaður sé lægri en 100 þús. kr., skv. nánari skilyrðum, sem fjármálaráðuneytið setur.
- d. Við 50. tl. d-lið. Á eftir orðunum „þéttlími í tnr. 32.12.00“ bætist: zink-hornum í tnr. 79.06.09.
- e. Á eftir 54. tl. komi: nýr tl.:  
55. Að lækka gjöld af nokkrum hráefnum til sælgætisframleiðslu.